

Veiðimálastofnunin
24/8 1987

Jón Kristjánsson

Rannsóknarferð í Apavatn og Laugarvatn 19-21/8 1987

SKÝRSLA

Inngangur

Þar sem í fyrra (1986) voru uppi efasemdir um að nóg væri af fiski í vatninu, þrátt fyrir að rannsóknir bentu til hins gagnstæða (Jón Kristjánsson, 1986), þótti rétt að athuga ástand Apavatns nú.

Tillögur veiðimálastjóra um að fella niður lögboðna friðun í Apavatni 1986-87, voru fyrst samþykktar af ráðherra en síðar afturkallaðar viku síðar vegna mótmæla heimamanna. Þar sem almennar friðunarreglur í stöðuvötnum hafa þann tilgang að vernda fiskstofnana, hljóta umrædd mótmæli að hafa grundvallast á því að fiskstofnar vatnsins veru í hættu. Ég get mér þó til þessa vegna þess að í bréfi ráðherra var ekki tilgreint sérstaklega á hverju mótmæli heimamanna byggðust.

Skv. upplýsingum Skúla Haukssonar í Útey hefur hann veitt vel í Apavatni í sumar, betur en í fyrra. Að sögn Skúla hefur vatnið verið lítið stundað af öðrum ábúendum en honum í sumar og sumir er áður stunduðu nokkra veiði hafa helst úr lestinni.

Afli Skúla hefur verið jafn allt frá því að veiðar hófust í vor, jafnari og betri en oftast áður. Hann notar net með 29-32 mm möskva og leggur vítt og breitt um vatnið.

AÐFERÐIR

Sýna var aflað með ádráttarnót með 10 mm riðli aftast í poka.

Hluti aflans var lengdarmældur (268 fiskar 40 kiló) og kynþroskastig athugað og skráð. Aldurssýni voru ekki tekin, ástæða þótti ekki til þess. Samband er á milli kynþroskastærðar og vaxtarmöguleika, en þeir stjórnað af fæðuframboði og umhverfispáttum (Tumi Tómasson, 1987). Skv. því gefur kynþroskastærð og meðalhámærksstærð betri upplýsingar um ástand fiskstofnsins en aldurs/vaxtar mælingar eins og venjan hefur verið að nota hingað til. Í þessari athugun er notuð kynþroskastærð/hámærksstærð hrygna. Kynþroskastærð er sá sm-lengdarflokkur þar sem helmingur fiskanna er orðinn kynþroska. Ekki var unnt að nota meðalhámærksstærð (engar aldursgreiningar), í staðinn var notuð raunveruleg hámarksstærð, þ.e. hægri "endinn" á lengdardreifingu hrygnanna að fráregnum einum sentimeter. Óeðlilega (abnormal) stórar hrygnur fundust ekki, en rétt er að draga slíka fiska frá ef þeir sjást (kannibalar). Bleikja úr afla Skúla Haukssonar var einnig lengdarmæld.

NIÐURSTÖÐUR

Alls veiddust um 1500 fiskar, samtals um 240 kíló. Lengdarmældir og kyngreindir fiskar voru 19-39 sm að lengd, lengdardreifing þeirra er sýnd á mynd 1. bls 3.

Helmingur fiskanna var 24-29 sm að lengd.

Kynþroskastærð hrygna (L kn) var 29 sm, hámarkslengd (L max) var 36 sm.

Hlutfallið $L \text{ max}/L \text{ kn} = 1.24$

Mældar bleikjur úr aflu Skúla í Útey voru lang flestar á bilinu 27-34 sm, enda velja þau net sem hann brúkar úr stofninum.

UMRÆÐUR

Stærðarsamsetning bleikjustofnsins í Apavatni er mjög svipuð og hún var í fyrra. Sýni þá voru mun færri og því ekki unnt að ákvarða kynþroskastærðina með sömu nákvæmni og nú, en ekkert bendir til þess að hún hafi verið önnur þá. Fiskarnir voru ekki vegnir, en þeir voru áberandi grannir og föllir á hold, nema helst geldfiskurinn í stærri kantinum, hann var ljósrauður á hold.

Niðurstaðan er því sú sama og í fyrra: Fullt vatn af fremur smáum fiski sem engin þörf er að á friða. Fremur ber að hafa af því áhyggjur að svo virðist sem áhugi hins almenna landeiganda á nýtingu vatnsins sé að dvína.

Má vera að það sé vegna þess hve fiskurinn er smár. Það kostar mikla vinnu og útsjónarsemi að markaðssetja svo smáan fisk.

LAUGARVATN

Laugarvatn hefur verið stundað nokkuð stíft með netum undanfarin ár. Aflabrögð hafa verið nokkuð góð og fiskur almennt betri en í Apavatni. Hann er ekki stærri, en feitari og bragðbetri. Reykslan hefur verið sú að draga fer úr veiði þegar líður á ágúst. Ástæðan virðist vera sú að fiskurinn torfar sig og etv. fer hluti hans að ganga upp í ár og læki þegar þessi tími er kominn.

Ég reyndi nokkur nótarköst og afli var æði mismunandi. Stundum fékkst ekki neitt nema hornsíli, einu sinni 60 stk. af millifiski (27-30 sm), einu sinni tíu mjög stórir fiskar 1-2 kg, en þeir sjást afar sjaldan í netaveiðinni.

Sláandi er hin mikla mergð hornsíla í vatninu, stundum komu fullar fötur í nótina og alls staðar mátti sjá mergð örsmárra síla með fjörum. Urriði fyrirfinnst varla í Laugarvatni og ekki hef ég enn fundið í vatninu bleikjur með hornsíli í maga.

Heimildir: Jón Kristjánsson, 1986: Skýrsla úr rannsóknarför til Apavatns 10/7-2/8 1986.

Tumi Tómasson, 1987: The connection between growth and size at sexual maturity in Icelandic artic char (*Salvelinus alpinus*)

APAVATN 2/9 87

LENGDARDRIFUNG

BLEIKJU ÚR

ADRATTARNOT

N = 268

ÞYNGD = 40 KG

30+

Fjöldi

20

10



KYNPR ♂



KYNPR ♀



GELDFISKUR.

20 22 24 26 28 30 32 34 36 38 40 LENGÐ SM.